

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 150/1983 um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisfulltrúa.

1. gr.

Við 3. gr., staflið b, bætist eftirfarandi:

Starfsreynsla skal vera 12 mánuðir. Heimilt er að skipta starfsþjálfunartímabili þannig, að hluti þess sé unninn hjá Hollustuvernd ríkisins. Að öðru leyti fer starfsþjálfun fram hjá heilbrigðiseftirliti á svæði, þar sem starfa a. m. k. tveir heilbrigðisfulltrúar í fullu starfi með full starfsréttindi.

Heimilt er að viðurkenna skipulegt sérnám (bóklegt og/eða verklegt) við erlendar stofnanir. Hið sama gildir um innlend námskeið tengd heilbrigðiseftirliti. Skal hver mánuður í slíku sérnámi jafngilda tveggja mánaða starfsreynslu hjá heilbrigðiseftirliti hérlendis.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 26. gr. laga nr. 50/1981, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi 1. janúar 1984.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1983.

Matthías Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um nýtt fasteignamat.

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976 um skráningu og mat fasteigna hefur Yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s. l. Hefur nefndin ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Á höfuðborgarsvæðinu (Reykjavík, Kópavogi, Garðabæ, Hafnarfirði, Bessastaðahreppi, Seltjarnarnesi og Mosfellshreppi) hækki matsverð fasteigna um 57% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1,57.
2. Matsverð fasteigna utan höfuðborgarsvæðisins hækki um 47% og verði framreikningsstuðull að því leyti 1,47.
3. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
4. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri, sem tók gildi 1. desember 1982, ásamt síðari breytingum og leiðréttingum ákveðnum af Yfirfasteignamatsnefnd og Fasteignamati ríkisins.

Á vegum Fasteignamats ríkisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreikningsstuðlum, sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum, sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignaskrár innihalda einnig þær matsbreytingar